

Föstudaginn 3. júní 1988.

Nr. 30/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson varafikissaksóknari)

gegn

Valdimar Oddgeiri Hermannssyni

(Sigurður Georgsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 8. janúar sl. og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Sannað er, að ákærði er sekur um að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, svo sem í ákæru greinir. Brot hans varðar við 45. gr. 1. mgr. sbr. 3. mgr. og 48. gr. 1. mgr., sem dæma ber eftir, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Nýtt sakavottorð ákærða hefur verið lagt fyrir Hæstarétt. Þar kemur fram, að auk refsinga þeirra, er raktar eru í héraðsdómi, hefur ákærði með sátt í sakadómi Reykjavíkur 25. maí 1987 samþykkt að greiða 16.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs vegna brots gegn 27. gr. 1. mgr. umferðarlaga nr. 40/1968 hinn 28. október 1986. Áður hafði ákærði verið sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 28. mars 1983 fyrir brot gegn 25. gr. 2. mgr. sbr. 3. mgr. sömu laga og ævilangt frá 21. janúar 1986 fyrir brot gegn 25. gr. 2. mgr. sbr. 4. mgr. þeirra.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 100. gr. 1. mgr. laga nr. 50/1987 og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 45 daga varðhald.

Ákærði hefur áður verið sviptur ökuleyfi ævilangt og ber að árétta þá sviptingu, sbr. 101. gr. 2. mgr. laga nr. 50/1987.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Valdimar Oddgeir Hermannsson, sæti varðhaldi 45 daga.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. desember 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 8. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 702/1987: Ákærvaldið gegn Valdimar Oddgeiri Hermannssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 13. október 1987, á hendur Valdimar Oddgeiri Hermannssyni verslunarstjóra, Sigtúni 59, Reykjavík, fæddum 11. júní 1960 í Keflavík, „fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 2. ágúst 1987 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R-44895 frá Skiðaskálanum í Hveradölum til Hveragerðis, en þar hafði lögreglan afskipti af ákærða, er hann hugðist aka til Reykjavíkur.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir:

Sunnudaginn 2. ágúst sl., kl. 02:35, höfðu lögreglumenn í Árnessýslu afskipti af akstri bifreiðarinnar R-44895 við gatnamót Suðurlandsvegur og Grænumarkar í Hveragerði og höfðu tal af ökumanni, ákærða í máli þessu. Fundu þeir þá að talsverðan áfengisþef lagði frá vitum hans. Var hann því færður á lögreglustöðina á Selfossi til yfirheyrslu hjá varðstjóra.

Kl. 03:07 kom læknir á lögreglustöðina og tók blóðsýni úr ákærða. Reyndist það innihalda 1,62‰ alkóhóls.

Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði viðurkennt að hafa aðfaranótt sunnudagsins 2. ágúst sl. ekið bifreiðinni R-44895 undir áhrifum

áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt frá Skiðaskálanum í Hveradölum til Hveragerðis, þar sem lögreglan hafði afskipti af honum er hann hugðist aka til Reykjavíkur.

Niðurstaða:

Með afdráttarlausri játningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins telst sannað að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Varðar þessi háttsemi ákærða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1977 30/3 í Árnessýslu. Sátt: 13.500,00 kr. sekt f. brot g. 11. og 27. gr. umfl.
- 1980 20/2 í Reykjavík. Sátt: 30.000,00 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.
- 1980 30/7 í Reykjavík. Sátt: 10.000,00 kr. sekt f. brot g. 14. gr. umfl.
- 1982 11/10 í Reykjavík. Sátt: 1.200,00 kr. sekt f. brot g. 219. gr. hgl., 37. og 49. gr. umfl.
- 1983 14/4 í Reykjavík. Sátt: 3.600,00 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 4 mán. frá 28.3. 1983.
- 1986 13/2 í Reykjavík. Dómur: 18.000,00 kr. sekt f. brot g. 25. gr. 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 47. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 21.1. 1986.

Dómsáttin frá 14. apríl 1983 og dómurinn frá 13. febrúar 1986 hafa ítrekunaráhrif á það brot ákærða, sem hér er til meðferðar.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af sakaferli hans hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá birtingu dómsins.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Valdimar Oddgeir Hermannsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði skal vera sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.